

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 31. mars 2023
UST202303-284/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Borg Grímsnesi – Vesturbyggð – Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Borg í Grímsnesi – Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið er um 6,5 ha að stærð og er skipt upp í þrjá uppbyggingarklasa auk lóðar fyrir hreinsistöð. Innan svæðisins er gert ráð fyrir um 57 íbúðum á 17 lóðum og tveimur hreinsistöðvum auk möguleika á skrifstofum á jarðhæð í klasa I.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hreinsun á skólpi í deiliskipulagi og hugsað til uppbyggingar til framtíðar og mögulegrar stækkunar á hreinsivirkjum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að hreinsun á skólpi á að vera tveggja þrepa í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Auk þess vill stofnunin benda á að í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna kemur fram að sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>